

Borgarbyggð

endurskipulagning vegna breytinga á rekstrarumhverfi

Bakgrunnur

Frá árinu 2007 hefur orðið verulegur viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Sveitarfélagið hefur glímt við erfiða fjárhagsstöðu frá árinu 2008 sem markast af íslenska efnahagshruninu, falli íslensku krónunnar, verðbólgu sem fór hæst í 18% og vaxandi atvinnuleysi. Milli árana 2008 og 2009 fækkaði jafnframt íbúum sveitarfélagsins um 204 eða 5,8%.

Rekstur

Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur Borgarbyggðar lækki um 3,4% milli árana 2008 og 2010 eða um 78 milljónir króna, þar af er ráðgert að skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs lækki um 125 mkr. eða um 7,5%. Sveitarstjórn Borgarbyggðar varð strax ljóst haustið 2008 að bregðast þyrfti við breytingum í efnahagslífi þjóðarinnar og þá þegar var hafist handa við að grípa til aðgerða til að draga úr rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. Það er þó þannig að ekki byrja allar aðgerðir/breytingar, þó þær hafi verið samþykktar, samstundis að lækka kostnað og kemur þar margt til s.s. uppsagnarfrestur, biðlaun o.fl.

Samanlagt er áætlað að þær aðgerðir sem gripið hafi verið til skili sparnaði að fjárhæð kr. 208,6 milljónir króna og mun sá sparnaður fyrst skila sér að fullu árið 2011. Að þeim tíma liðnum mun rekstrarafkoma sveitarfélagsins batna verulega og t.a.m. mun rekstrarniðurstaða breytast frá því að vera neikvæð um 831 milljón árið 2008 í 6,6 milljóna króna jákvæða rekstrarniðurstöðu árið 2010 skv. fjárhagsáætlun.

Aðhaldsaðgerðir Borgarbyggðar

Sveitarstjórn Borgarbyggðar lagði áherslu á að verja lögbundna þjónustu en leita allra annarra leiða til að ná niður rekstrarkostnaði sveitarfélagsins. T.a.m. var dregið úr kostnaði við akstur, laun lækkuð, störf lögð niður eða þeim sagt upp, ekki ráðið nema nauðsyn bæri til í störf sem losnuðu eða störf þar sem ráðningarsamningar voru tímabundnir. Nefndir voru sameinaðar og fulltrúum í þeim fækkað, opnunartími stofnana var stytur, starfsmannafundir færðir á dagvinnutíma í stað yfirvinnu og dregið úr vöru- og þjónustukaupum eins og kostur var. Hagrætt var í skólaakstri, samkenntla í grunnskólum aukin og fjölgað nemendum í bekkjardeildum. Rekstri strætisvagns var hætt.

Tafla 1 sýnir samantekt sparnaðaraðgerða Borgarbyggðar 2009-2011.


Tafla 1

Málaflokkur	Rekstrarþáttur	Helstu aðgerðir	Lækkun kostnaðar í þús. króna		
			Fjárhagsáætlun 2009	Fjárhagsáætlun 2010	Fjárhagsáætlun 2011
Félagsþjónusta	Félagsmálastjóri	laun starfsmanna lækkuð	850	1.100	1.100
Fræðslumál	Fræðslusvið	laun starfsmanns lækkuð, starf námsráðgj. og starf sérfr. lögð niður	5.050	11.800	11.800
	Sérfræðiþjónusta Tónlistarskóli	laun starfsmanna lækkuð kennslust. fækkað og starfs- hlutföll lækkuð	1.300	1.700	1.700
	Sérfræðiþjónusta Grunnskóli Borgarfj./Andabær Klettaborg	samningi talmeinafræðings sagt upp sameining mótuneyta fækkun stöðugilda, styttri opnunartími o.fl.	3.300	5.000	5.000
	Ugluklettur	lækkun starfshlutföll o.fl.	3.800	5.300	5.300
	Leikskólinn Varmalandi	ýmsar aðgerðir, lokað í júní '10	300	5.000	14.000
	Leikskólinn Hnoðraból Varmalandsskóli	ýmsar aðgerðir fækkun stöðugilda, hagrætt í skólaakstri, breytt fyrirkomul. o.fl.	300	500	500
	Grunnskóli Borgarfjarðar	fækkun stöðugilda, minni akstur aukin samkensla o.fl.	4.600	11.000	15.000
	Grunnskólinn í Borgarnesi	fækkun stöðugilda	18.000	27.000	32.000
	Grunnsk.Borgarfj./Varmal.skóli	sameining yfirstjórnar	0	3.000	7.000
	Laugagerðisskóli	sameining við Eyja- og Miklah.hr.	0	15.000	22.000
Menningarmál	Safnahús	yfirvinna minnkuð	300	400	400
Íþrótt- og æskulýðsmál	Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Íþróttamiðstöðin í Borgarnesi	laun lækkuð starfshlutfall íþróttfræðings lækkað	600	800	800
	Íþróttamiðstöðvar	lækkun laun og breyting opnunartíma	0	2.000	2.000
	Félagsmiðstöðin Óðal	starf forvarnarfulltrúa lagt niður	2.500	3.700	3.700
			3.600	4.300	4.300
Skipulags- og byggingarmál	Skrifstofa framkvæmdasviðs	laun starfsmanna lækkuð	2.800	3.300	3.300
	Skrifstofa framkvæmdasviðs	starf skipulagsfulltrúa lagt niður	3.300	6.500	6.500
Umferðar- og samgöngumál	Almenningssamgöngur	rekstri strætisvagns hætt	0	12.000	12.000
Umhverfis- og atvinnumál	Umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi	laun starfsmanna lækkuð	750	1.000	1.000
Sameiginlegur kostnaður	Sveitarstjórn og byggðarráð	laun lækkuð	4.500	4.500	4.500
	Skrifstofa	laun sveitarstjóra og starfsmanna lækkuð og ekki ráðið í starf sem hætti	6.100	7.000	7.000
	Nefndir	sameinaðar nefndir og fulltr. fækkað	200	500	500
Eignasjóður	Sameiginlegur kostnaður	tvö stöðugildi lögð niður	0	10.700	10.700
	Samtals		75.650	172.100	208.600

Þróun rekstrar

Sjá má á mynd 1 hvernig afkoma sveitarfélagsins hrinur á árinu 2008 og rekstrartap áranna 2008 og 2009 er samtals um 1.035 m.kr. en þar af eru fjármagnsliðir um 979 m.kr. Rekstrarniðurstaðan er þó áætluð jákvæð strax á árinu 2010.

Mynd 1



Tafla 2 sýnir rekstrarreikning sveitarfélagsins frá árinu 2006 til áætlunar árið 2010.

Tafla 2

Rekstrarreikningur Borgarbyggðar 2006-2010					
	2006	2007	2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010
Skatttekjur	1.013.683	1.156.177	1.235.641	1.199.084	1.202.286
Framlög Jöfnunarsjóðs	512.621	563.275	568.632	498.621	476.593
Aðrar tekjur	430.633	456.729	508.850	545.219	555.917
	1.956.937	2.176.181	2.313.123	2.242.924	2.234.796
Laun og launatengd gjöld	923.623	975.113	1.152.496	1.050.301	1.008.031
Lífeyrisskuldbinding, breyting	59.395	53.861		28.000	28.800
Annar rekstrarkostnaður	827.435	933.075	1.154.795	1.035.139	891.791
	1.810.453	1.962.049	2.307.291	2.113.440	1.928.622
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	146.484	214.132	5.832	129.484	306.174
Afskriftir	73.054	90.632	92.844	98.568	100.660
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	73.430	123.500	-87.012	30.916	205.514
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-136.041	-81.728	-754.569	-224.228	-198.845
Rekstrarniðurstaða ársins	-62.611	41.772	-841.581	-193.312	6.669

Skuldir

Heildarskuldir sveitarfélagsins í árslok 2009 eru áætlaðar um 3 milljarðar króna, þar af eru langtímaskuldir um 2,5 milljarður eða 83%. Hjá Lánasjóði sveitarfélaga eru um 55% langtímaskulda, rúm 8% hjá Íbúðalánasjóði, 35% hjá bönkum og 2% hjá Ríkisféhirði. Hlutfall erlendra skulda er um 25%. Almennt eru lán þessi á ágætum kjörum en stóra “vandamálið” er greiðslubyrði erlendra skulda vegna gengisfallsins ásamt að sjálfsögðu höfuðstólshækkun þeirra.

Til þess að lágmarka greiðslubyrði erlendu lánanna eru þegar hafnar viðræður við lánveitendur um lánabreytingar en þeim miðar þó lítið áfram enn sem komið er þar sem bankarnir eru almennt ekki komnir svo langt að bjóða fyrirtækjum og opinberum aðilum lausnir í þessu sambandi heldur einblínt á einstaklinga enn sem komið er. Vonir standa þó til að ekki sé langt að bíða þess að hægt verði að fá lausnir í þeim málum.

Skuldbindandi samningur

Skuldbindingar Borgarbyggðar sem eru til viðbótar beinum lántökum eru samkvæmt skýringum í ársreikningi Borgarbyggðar árið 2008 kr. 1.779,9 milljónir. Áætluð í árslok 2009 er skuldbindingin kr. 1.776,4 milljónir. Þessi skuldbinding er tilkomin vegna leigusamnings Borgarbyggðar við fasteignafélagið Menntaborg ehf. um leigu á mennta- og menningarhúsinu við Borgarbraut 54-56 í Borgarnesi. Skuldbindingin er reiknuð til núvirðis og ávöxtunarkrafan sem stuðst er við er 5 %.

Menntaborg ehf. er fasteignafélag sem eru í eigu Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. Skólinn var stofnaður formlega sumarið 2006 og tók til starfa haustið 2007. Hlutfé skólans er um 150 milljónir. Sparisjóður Mýrasýslu var stærsti hluthafinn í skólanum ásamt Borgarbyggð, en auk þess eiga fyrirtæki og einstaklingar í Borgarbyggð og nágrenni hlut í skólanum. Arion banki yfirtók eignarhlut sparisjóðsins í skólanum árið 2009. Almennur rekstrarkostnaður skólans er greiddur af ríkinu, en sveitarfélagið greiðir 40% af húsnæðiskostnaði skólans lögum samkvæmt. Fjöldi nemenda hefur vaxið jafnt og þétt og í dag eru 170 nemendur í skólanum, en áætlanir gera ráð fyrir um 200 nemenda skóla.

Á fundi stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar í árslok 2006 var samþykkt að stofna eignahaldsfélagið Menntaborg ehf. sem fékk það hlutverk að eiga og reka húsnæði skólans. Húsið er um 3100 fm., en auk þess að rúma ríflega 200 nemenda framhaldsskóla, er fullkominn salur undir menningarstarfsemi í húsinu og félagsaðstaða nemenda og ungmennahús í kjallara. Áætlanir gerðu ráð fyrir að bygging húsnæðis yrði fjármögnuð með eigin fé skólans og láni frá Íslandsbanka. Samkvæmt upphaflegum áætlunum var gert ráð fyrir að húsið myndi kosta 880 milljónir. Verðhækkunar á verkþáttum og aukinn fjármagnskostnaður leiddu til þess að endanlegur kostnaður við húsið varð um 1100 milljónir. Til að fjármagna aukinn kostnað við bygginguna var farin sú leið að fá sérstaka skráningu á virðisaukaskatti. Fasteignafélagið Menntaborg ehf. hefur átt í rekstarerfiðleikum á árinu 2009 þar sem tekjur hafa ekki staðið undir kostnaði við greiðslu á virðisaukaskatti.

Borgarbyggð eins og áður segir greiðir 40% af kostnaði við húsnæði skólans, en greiðir allan kostnað við rekstur salar undir menningarstarfsemi. Í janúar 2008 var gengið frá fjármögnunarsamningi Menntaborgar ehf. við Íslandsbanka sem lánaði 720 milljónir til byggingarinnar. Sem trygging fyrir fjármögnuninni var gengistryggður leigusamningur Menntaborgar ehf. við Borgarbyggð um að sveitarfélagið leigði allt húsið af félaginu til 30 ára og endurleigði síðan öðrum aðilum. Uppreiknuð, m.v. gengi 19. febrúar 2010, er húsaleiga um 134 milljónir árið 2010 samkvæmt samningnum.

Um nokkurt skeið hafa verið í gangi viðræður á milli Menntaskóla Borgarfjarðar og Menntamálaráðuneytis um formlegan þjónustusamning á milli aðila, en endanlegur samningur liggur ekki fyrir. Vegna þessa hefur ekki verið gengið frá formlegum leigusamningi á milli Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar um húsnæðið. Þrátt fyrir að ekki sé til staðar formlegur þjónustusamningur mun skólinn fá 37,6 milljónir til leigu á húsnæði á fjárlögum ársins 2010. Ef notaðar eru sömu forsendur og við framreikning á leigusamningi Borgarbyggðar og Menntaborgar ehf. er leigueign Borgarbyggðar 573,2 milljónir. Auk þess hefur Borgarbyggð haft tekjur af útleigu salar og þá hefur RÚV leigt um 30 fm. rými í húsinu fyrir fréttamann á Vesturlandi.

Niðurstaðan er því þessi;

Borgarbyggð er með skuldbindandi samning um leigu á húsnæði að upphæð 1776,4 milljónir. Á móti þessari skuldbindingu er leigueign að upphæð 573,2 milljónir, auk möguleika á frekari útleigu húsnæðisins.


Borgarbyggð á í viðræðum við Íslandsbanka um endurfjármögnun vegna hússins og eru þær á lokastigi.

Þróun efnahags

Á mynd 2 sést glögglega sá viðsnúningur sem verður á skuldastöðu sveitarfélagsins árið 2008 þegar langtíma- og skammtímaskuldir hækka um tæp 38% frá árinu áður. Það sem vegur þungt í þeim efnahagslegum breytingum eru lán vegna stofnfjárkaupa í Sparisjóði Mýrasýslu en árið 2007 var stofnfé sveitarfélagsins aukið um 500 milljónir. Stofnfjárkaupin voru fjármögnuð með lántöku, 250 milljón króna skammtímaláni í íslenskum krónum og 250 milljón króna erlendu láni, til 3 ára, í jenum og svissneskum frönkum. Árið 2008 var t.d. vaxtabyrgði og gengistap vegna lánanna um 370 milljónir króna. Á árinu 2009 verður hins vegar viðsnúningur þegar langtíma- og skammtímaskuldir byrja að lækka, eða um tæp 13% á því ári og skiptir þar mestu að gengið var frá sölu alls stofnfjárkaupsins í Sparisjóði Mýrasýslu til Kaupþings banka (nú Arion banki) en salan var byggð á niðurfellingu erlenda lánsins. Gert er ráð fyrir áframhaldandi skuldalækkun hjá Borgarbyggð á næstu árum.

Eigið fé Borgarbyggðar jókst frá árinu 2006 til 2007 um tæpar 240 milljónir en frá árinu 2007 til 2008 lækkaði það um rúma 841 milljón og stóð í 435 milljónum. Gert er ráð fyrir að eigið fé lækki áfram til ársins 2010 og standi þá í um 248 milljónum en fari svo hækkandi frá þeim tíma og verði orðið tæpar 458 milljónir árið 2013. Þess ber þó að geta að fari svo að Borgarbyggð eignist mennta- og menningarhúsið er ljóst að það hefur áhrif á eigið fé sveitarfélagsins.

Mynd 2



Tafla 3 sýnir efnahagsreikning Borgarbyggðar frá 2006 til áætlunar 2010.


Tafla 3

Efnahagsreikningur Borgarbyggðar 2006-2010 Samantekið A og B hluti		2006	2007	2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010
Fastafjármunir		2.776.393	3.705.608	3.958.458	3.402.765	3.318.897
Veltufjármunir		683.740	458.033	325.546	280.493	261.109
Eignir samtals		3.460.133	4.163.641	4.284.004	3.683.258	3.580.006
Eigið fé		1.037.337	1.276.678	435.097	241.785	248.453
Lífeyrisskuldbinding		383.820	431.143	469.275	489.776	509.776
Langtímaskuldir		1.544.638	1.681.049	2.210.549	2.384.194	2.247.272
Skammtímaskuldir		494.338	774.770	1.169.083	567.503	574.505
Skuldir og lífeyrisskuldbinding samtals		2.422.796	2.886.962	3.848.907	3.441.473	3.331.553
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings			420.342	1.779.881	1.776.400	
Skuldir og skuldbindingar samtals		2.422.796	3.307.304	5.628.788	5.217.873	3.331.553

Þróun sjóðstreymis

Veltufé frá rekstri hjá Borgarbyggð hefur verið jákvætt frá árinu 2006 ef undanskilið er árið 2009 (á samt eftir að skýrast). Veltuféð hefur verið tæp 9% sem hlýtur að teljast ásættanlegt til greiðslu langtímaskulda og fjárfestinga. Mynd 3 sýnir hlutfallslega þróun veltufjár frá rekstri í hlutfalli við tekjur frá árinu 2006 til áætlunar 2010.

Mynd 3



Tafla 4 sýnir sjóðstreymi Borgarbyggðar frá 2006 til áætlunar 2010.

Tafla 4

Sjóðstreymi Borgarbyggðar 2006-2010	2006	2007	2008	Áætlun 2009	Áætlun 2010
Veltufé frá rekstri	164.923	232.025	198.583	-29.937	197.651
Handbært fé frá rekstri	208.782	276.664	323.725	-37.437	190.151
Fjárfestingarhreyfingar	-504.440	-816.645	-429.338	-17.414	269
Fjármögnunarhreyfingar	235.497	332.335	33.573	8.727	-197.243

Niðurstöður

Þrátt fyrir fækkun íbúa, tekjufall og aukna greiðslubyrðni lána eru góð batamerki í rekstri Borgarbyggðar sé litið til næstu ára. Það má þakka góðum viðbragðsflýti og vinnu við að reyna eins og kostur er að draga úr kostnaði á öllum sviðum rekstrarins. Viðsnúningur í rekstrarniðurstöðu sem er áætluð neikvæð um rúmar 193 milljónir á árinu 2009 en jákvæð um 6,6 milljónir á árinu 2010 og tæpar 61 milljón árið 2011 er glögg dæmi um hversu hratt hefur verið brugðist við rekstrarvanda sveitarfélagsins sem glímur við fólksfækkun og tekjufall. Miðað við 3 ára áætlun sveitarfélagsins er ekki ástæða til annars en ætla að búið sé að tryggja rekstur þess en þó má vissulega lítið út af bregða og eru stjórnendur þess meðvitaðir um mikilvægi þess að eftirlit sé stöðugt þannig að hægt sé að grípa til aðgerða ef þurfa þykir.